

Ljósheimar – fyrir huga, líkama og sál

Námskeið og viðburðir fram á sumar

Hugleiðsla í hádeginu á mánudögum frá 12:15-12:45

Aldrei hefur verið mikilvægara að finna kyrrðina innra, að sækja sér birtu og heilun. Við vonum að sem flestir nýti sér þetta og taki fjölskyldu sína, vini og vinnufélaga með :)

Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

Hópheilun í hádegi – fimmtudaga frá 12:15-12:45

Hópheilun er áhrifamikil leið til heilunar einkum vegna þeirrar staðreyndar að þegar einn fær heilun í hópi fá hana allir. Starfsfólk Ljósheima vinnur saman með hópinn og nýtir sína umtalsverðu þekkingu til að stilla sig inn á hvað hópurinn þarf hverju sinni.

Komugjald er kr 1000

Einingarathöfn (Oneness Deeksha/Oneness Blessing)

Í einingarathöfn er miðlað orku hins heilaga sem hjálpar hjartanu að blómstra. Í henni er veitt blessun sem stuðlar að einingu lífsins, að við gerum okkur grein fyrir að aðskilnaður er blekking. Þetta er ekki hugmyndafræði heldur upplifun einingar, að vera hluti af öllu sem er.

Blessunin veitir mörgum skýrari sýn og upplifun á kærleika, gleði og innri friði. Hún hjálpar til við að leysa upp neikvæð mynstur og áföll sem við geymum í frumum og orkukerfi okkar og stuðlar að tilfinngalegri og líkamlegri heilun. Blessunin vinnur að því að við náum endanlega að losna undan þjáningu persónuleikans og náum fullri meðvitund.

Alla fimmtudaga kl 19.00

Aðgangur er ókeypis og opinn öllum.

Febrúar

Venusarheilun I

13. og 14. Febrúar

Námskeiðið byggist upp á því að læra að vinna með heilunarhring sem samsettur er úr 11 táknum og er ættaður frá Venus. Orka Venusar er afar heilandi og kærleiksrík og er vinnan hjartamiðuð samkvæmt því. Flest allir geyma sitthvað í hjarta sér sem þarfnast heilunar. Með þessari tækni má taka á slíkum málum af alúð og mýkt. Á námskeiðiu færð þú aðgang að hringnum og lærir í þaua að nota hann. Einnig er innsetning fyrri daginn til að tengja þig betur þessari allt umvefjandi orku svo þú megir nota hana þér og öðrum til heilunar.

Kennari: Sólbjört Guðmundsdóttir

Kennt er frá 11-14 báða dagana.

Verð: 16.000

Mars

Pranaheilun og hugleiðsla í hópi

5. mars

Crotalo Sesamo, kennari og heilari frá Damanhur býður upp á hóptíma í hugleiðslu og pranaheilun milli 20 og 21 í kvöld.

Verð er kr 3000

Damanhur heilun - einkatímar

5. mars

Crotalo Sesamo, kennari og heilari frá Damanhur býður upp á pranaheilun, fegurðarheilun og lestur í steina. Eru þetta allt heilunaðferðir sem þróaðar hafa verið í Damanhur sl. 30. ár.

Verð tíma kr. 3500.

Horfnir menningarheimar- námskeið frá Damanhur

6-7 mars

Margt bendir til að saga mannsins sé mun lengri en ritað hefur verið um í sögubókum. Rannsóknir á horfnum menningarsamfélögum eru stóru liður í vinnu Damanhur. Á þessu námskeiði er þátttakendum gefin innsýn inn í vinnuna í gegnum fyrirlestra, æfing, hugleiðslu og leik. Ferðast er aftur í tímann til horfinna menningarsamfélaga sem geyma mikilvæga lykla fyrir okkur. Einstaklega fræðandi og skemmtilegt námskeið sem víkkar heimsmyndina

Kennari: Crotalo Sesamo
Kennt er frá 10-18 báða dagana
Verð kr. 21.000

Handrit sálarinnar - fyrri lífa námskeið

26-28 mars

Hægt er að auka skilning á núverandi lífi og aðstæðum í gegnum rannsóknir og vinnu með fyrri líf. Á námskeiðinu er ítarlega unnið með 1- 3 fyrri líf sem þú tengist sterkast nú.

Krefjandi en skemmtilegt námskeið sem getur auðgað og dýpkað líf þitt.

Sökum forvinnu fyrir þetta námskeið er nauðsynlegt að skrá sig á það fyrir 14. febrúar og greiða helming námskeiðs við skráningu.

Kennari: Sólbjört
Kennt er frá 11-17 báða dagana
Verð á námskeið er kr. 24.000

Apríl

Kristallasýning- og sala

11. apríl

Fjórum sinnum á ári er kristallasýning- og sala hjá okkur. Þá er Selena kristallakona á staðnum til skrafs og ráðagerða. En hjá okkur er hægt að finna kristalla frá öllum heimshornum.

Selena er nýkomin af stærstu kristallasýningu heims og við fáum smjörþefinn af því!

Venusarheilun II—námskeið

17-18 apríl

Á II. stigi er unnið meira með að tengja sig orku Venusar með hugleiðslu og táknum. Þjálfun í því að dvelja í orkunni, lifa þaðan í leik og starfi.

Kennari: Sólbjört

Kennt er báða dagana frá 11:00– 14:00

Verð: 16.000

Maí

Gyðjunámskeið

27. maí

Þér er boðið að taka þátt í hópi kvenna til að upplifa kvenorkuna í gegnum æfingar og hugleiðslur tengdum gyðjunni. Við munum losa um gamlar hugmyndir um okkur sjálfar sem konur, stíga inn í kraftinn okkar, heiðra innsæið og muna eftir og gleðjast yfir gyðjunni í okkur. Hópurinn hittist fjórum sinnum á ári, þegar Selena er stödd á Íslandi.

Verð fyrir hvert skipti er kr 6.500. Skráning ljosheimar@ljosheimar.is. Allar nánari upplýsingar veitir Selena á joyselene@aol.com (athugið að skrifa þarf á ensku)

Ljósheimadagur

30. maí

Við fögnum því að sumarið er rétt handan við hornið og höldum Ljósheimadag milli 14 og 17, sunnudaginn 30. maí.

Skráning og nánari upplýsingar hjá Sólbjörtu á solbjort@ljosheimar.is eða í síma 551-0148 og 862-4546

Ljósheimar
fyrir huga, líkama og sál
Borgartúni 3, Reykjavík
www.ljosheimar.is
s. 551 0148